



Samskiptareglur milli afþreyingarfyrirtækja og ferðaskrifstofa

Leiðbeiningar

1. BÓKANIR OG STAÐFESTINGAR

A. Bókanir ferðaskrifstofa

Bókun skal vera skrifleg og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn farþega sé um einstaklinga að ræða, fjölda ef um hóp er að ræða.
- Komu- og brottfarardag, komutíma ef farþegi kemur seint, flugnúmer eða ferðatilhögun þegar við á.
- Fjöldi og skiptingu herbergja, tilgreina skal sérstaklega herbergi fyrir leiðsögumann og bílstjóra.
- Sömu reglur gilda um fyrirframbókanir (allottment bókanir), þær falla sjálfkrafa niður innan tilskilins frests.
- Önnur þjónusta tilgreind

B. Staðfesting á bókun

Afþreyingarfyrirtækið skal staðfesta bókun, skriflega, innan 24 tíma sé um virkan dag að ræða.

C. Staðfesting á fjölda

Verði afgerandi breytingar á fjölda skulu þær tilkynntar tafalaust.

2. AFPANTANIR

Ferðaskrifstofur skulu kappkosta að láta afþreyingarfyrirtækin vita eins fljótt og kostur er, ef ekki verður af komu gestanna. Afþöntun vegna hópa skal berast sem allra fyrst og ekki síðar en með 1 viku fyrirvara. Ef gestir mæta ekki og hafa ekki afpantað (no-show) geta afþreyingarfyrirtækin farið fram á greiðslu vegna kostnaðar sem sannanlega hefur verið útlagður vegna sömu gesta.

3. VERÐ

A. Verðlistar

Tilgreina skal í verðlistum verð og skilmála fyrir börn. Verð á þjónustu skal ákveða 12-18 mánuði fram í tímann.

B. Sérstakir afslættir

Verð, afslættir og hlunnindi er samkomulag á milli einstakra fyrirtækja og ferðaskrifstofa. Afþreyingarfyrirtæki taki tillit til stöðu ferðaskrifstofa í dreifileið við verðlagningu þjónustu.

4. **GREIÐSLUR**

A. **Staðfestingargjald**

Afþreyingarfyrirtækjum er heimilt að fara fram á staðfestingargjald eða aðrar tryggingar fyrir viðskiptunum.

B. **Útskrift reiknings, uppgjör**

Dagsetning og póstun reiknings skal vera innan tilhlýðilegs tíma eftir að þjónusta er innt af hendi. Greiðslubeiðni frá ferðaskrifstofu, þar sem tilgreindur er fjöldi gesta og hvaða þjónusta er innifalin skal fylgja reikningi. Uppgjör reiknings fer fram innan 30 daga, sé ekki um annað samið.

5. **SKYLDUR AÐÞREYINGARFYRIRTÆKJA**

Geti afþreyingarfyrirtæki af utanaðkomandi ástæðum og í undantekningartilvikum ekki séð viðskiptavinum sínum fyrir bókaðri þjónustu í því magni eða á þeim tíma sem staðfest var skal það láta vita eins fljótt og auðið er eða a.m.k. með 1 viku fyrirvara. Þetta skal þó aldrei gert nema að höfðu samráði við ferðaskrifstofuna.

6. **SKYLDUR FERÐASKRIFSTOFA**

Ferðaskrifstofa skal gefa nauðsynlegar og nákvæmar upplýsingar um umbeðnar pantanir og stuðla að því að pantanir séu réttar. Ferðaskrifstofa skal upplýsa um tengiliði á ferðaskrifstofu.

Gert af Samtökum ferðaþjónustunnar í febrúar 2000.